

Eystrahorn

17. tbl. 39. árgangur

Fimmtudagurinn 6. maí 2021

www.eystrahorn.is

Hengibrú á Víðidalsá

Í síðasta tölublaði sögðum við frá hjólabrú sem var smíðuð til að þvega Hnappadalsá inn við Stafafell í Lóni. En samhliða þeirri brúarsmíð var einnig unnið að því að koma upp 29 metra langri hengibrú yfir Víðidalsá. Ekki er auðvelt verk að koma upp brú inn á hálandi þar sem samgöngur eru engar. Brúin var smíðuð í Reykjavík af Steini Hróti Eiríkssyni hjá Brimuxa ehf. og svo var brúarefnið og verkfæri til verksins flutt austur með bíl með kerru í lok maí í fyrra. „Við fórum með búnaðinn upp á Öxi, milli Berufjarðar og Héraðs þaðan var hann fluttur áfram með vélsleðum í Víðidal, um 60 km leið. Voru aðstæður erfiðar vegna mikilla leysinga og voru brúarefni og verkfæri skilin eftir á vestur brún Víðidals.“ segir Steinn. Næsta ferð var svo farin í lok júní. Flutningaþyrsla var í verkefnum á Austurlandi og var hún fengin að aðstoða við að flytja vistir og tjöld inn í Víðidal, einn fór með þyrllunni inn í Víðidal og sá um uppsetningu á tjaldbúðum ásamt fleiru. Þrír menn komu til viðbótar nokkrum dögum síðar, þá var viðbótarbúnaður fluttur upp á Illakamb og var hann svo borinn í bakpokum alla leið inn í Víðidal. „Þarna hófst vinna við hreinsa klappir og koma fyrir traustum festingum fyrir burðarvíra. Tveimur vikum seinna fórum við svo með vinnuhóp inneftir til að reisa brúna, í hópnum var yfirsmíður, vélstjóri, hönnuður og byggingateknifræðingur ásamt sjálfbóðaliðum sem voru vanir



Hengibrúin yfir Víðidalsá. Myndir: Steinn Hrótur Eiríksson

smíðuð ásamt því að setja upp burðarvírana. Um miðjan ágúst í fyrra var svo farið inneftir og gengið var frá göngustigum að brúnni, og landgangar fullsmíðaðir. Strekkt var á burðarvörum og svæðið hreinsað og snyrt. Auk þess var gengið frá tækjum, verkfærum og öðrum útbúnaði til veturs. Steinn Hrótur fór svo inn í Víðidal nú um miðjan apríl til að athuga með brúna og hvernig hún kæmi undan vetri. Brúin var óskemmd en eitthvað af verkfærum og búnaði hafði skemmt vegna raka og myglu. „Við höfðum smíðað lítið skýli fyrir verkfæri og annan búnað, skýlið fékk að sjálfsgöðu nafnið Hrutakofinn, enda sett yfir litla tótt, sem ekki ósennilega hafi verið hrútakofi á 19. öld þegar fólk bjó í dalnum.“ „Gunnlaugur B. Ólafsson í Stafafelli sótti um styrk til brúarsmíðarinnar hjá Framkvæmdasjóði ferðamannaáða og lagði til eigið fé sem framlag á móti. Hann aðstoðaði einnig starfsmenn Brimuxa við smíðina á verkstæðinu og koma að flutningi og uppsetningu brúarinnar. Það er ánægjulegt að geta sagt frá því að allir þeir sem komu að flutningi og uppsetningu gerðu það sem sjálfbóðaliðar og gáfu vinnu sína svo svæðið væri öruggara fyrir ferðamenn og opnaði betur á nýjar leiðir inn á Lónsöræfum. Einnig sýndu fjölmargir aðilar og rekstraraðilar skilning á mikilvægi þessa verkefnis og aðstoðuðu“. Steinn áætla að um 22 langir



Steinn Hrótur

vinnudagar hafið farið í uppsetningu, frágang á svæðinu og flutningum til og frá byggða í þetta verk inni á öræfum. Eitthvað af búnaði er á svæðinu sem ekki verður unnt að koma til byggða fyrr en næsta vetur þegar snjóá fer, og hægt er að ferja búnaðinn á vélsleðum.



Ein af fjölmörgum virfestingum sem þurfti að festa í klappirnar verklegum framkvæmdum. „Notast var við eldri brúarstöpla sem voru steyptir fyrir fjölmörgum árum. Þá voru reistir burðarturnarnir, brúargólf og handrið

Fyrir útskriftina og ferminguna

Eigum fjölbreytt úrval af fallegrri og nytsamlegri gjafvöru. Vorum að fá mikið úrval af útiplast blómapottum

Opíð virka daga frá
kl. 13:00-18:00
Símar: 478-2535 /
898-3664

Húsgagnaval
Húsgögn og gjafavörur

Hvítasunnukirkjan
Lifandi vatn
- Lifandi kirkja með lifandi boðskap -

Sunnudaginn 09. maí 2021 kl. 17:00
Lifandi boðskapur
- Ræðumaður -
Þorsteinn Pálmar Matthíasson

Steini Matt, eins og við þekkjum hann best, er einn af stofnendum Hvítasunnukirkjunnar á Höfn. Steini leiddi starfið fyrstu 10. árin og í dag situr hann sem öldungur í stjórn safnaðarins.

Steini Matt er mikill Guðsmaður og á sterka trú á Drottinn.

Vertu ætíð velkomir/vn

Samkomur sunnudaga
Klukkan 17:00

Bænastundir fimmtudaga
Klukkan 19:30

Fylgist með okkur á Facebook
Hvítasunnukirkjan Lifandi Vatn

Sveitarfélagið HORNAFJÖRÐUR

Leiðrétt auglýsing um deiliskipulags-tillögu að Stekkaklett.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar auglýsir tillögu að deiliskipulagi fyrir Stekkaklett.

Auglýsingin er leiðrétting á auglýsingu dags. 20. apríl 2021 þar sem loka dagsetningar eru leiðréttar í stað 1. maí kemur 1. júní.

Markmið með gerð deiliskipulagsins er að framfylgja markmiðum aðalskipulags um eflingu byggðar, styrkja og auka fjölbreytileika atvinnu og menningarlífs í sveitarfélaginu. Gera listsköpun sýnilega, styrkja og efla menningu, sköpun og tjáskipti og hlúa að menningararfi samfélagsins. Búa starfsemi á staðnum fastan ramma í samræmi við áætlanir og markmið sem fram koma í tillögu um nýtingu á Stekkakletti. Bæjarstjórn samþykkti að vísa deiliskipulagstillögunni í lögformlegt ferli skv. skv. 40. og 41. gr. skipulagslaga. Allar meginforsendur deiliskipulagsins liggja fyrir í aðalskipulagi og því er fallið frá kröfu um lýsingu.

Tillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofum að Hafnarbraut 27 frá og með 20. apríl nk. til 1. júní 2021.

Tillagan er einnig til sýnis á heimasíðu sveitarfélagsins hornafjordur.is undir skipulag í kynningu.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna til **1. júní 2021**. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofu Hornafjarðar, Hafnarbraut 27 eða á skipulag@hornafjordur.is.

Brynja Dögg Ingólfssdóttir
umhverfis- og skipulagsstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Eystrahorn

Svalbarð 5 • Sími: 848-3933
Útgefandi: HLS ehf.
Ráttgjafi og
ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson
Netfang: tjorvi@eystrahorn.is

Prófarkalestur: Guðlaug Hestnes
Umbrot: Tjörvi Óskarsson
Prentun: Litlaprent
ISSN 1670-4126

FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA



AÐALFUNDUR

Félags eldri Hornfirðinga
Verður haldinn í Ekru fimmtudaginn
20. maí kl. 17:00 **ef sóttvarnareglur
leyfa.**

Fylgist með auglýsingu í næsta blaði,
í Ekru og á fésbókinni.

Uppeldi sem virkar



? Námskeiðið **Uppeldi sem virkar - færni til framtíðar** verður haldið í Ekru á Höfn þriðjudagana 11. maí - 18. maí - 25. maí og 1. júní kl. 19:30-21:30. Hvert námskeið er samtals 8 klukkustundir, 2 klukkustundir í senn 1x í viku, alls 4 skipti.

Námskeiðið **Uppeldi sem virkar - færni til framtíðar** er sérstaklega þróað fyrir foreldra á Íslandi og stuðst við viðurkennd fræði og vel rannsakaðar aðferðir. Námskeiðið er partur af lýðheilsustefnunni og kennt í samstarfi hjúkrunarfræðinga á heilsugæslustöðvum, leikskólakennara, grunnskólakennara og þroskaþjálfara.

Lögð er áhersla á að kenna foreldrum leiðir til að vera samtaka í uppeldinu og skapa æskileg uppeldisskilyrði sem ýtir undir færni sem líkleg er til að nýtast barninu til framtíðar.

Foreldrar læra aðferðir til að styrkja eigin hæfni, laða fram æskilega hegðun barnsins og fyrirbyggja erfiðleika á jákvæðan hátt. Námskeiðið hentar öllum foreldrum ungra barna, a.m.k. að sex ára aldri.

Þátttakendur þurfa að skrá sig á heilsugæslustöðinni, Sveitarfélagið býður öllum foreldrum barna á leikskólaaldri námskeiðið þeim að kostnaðarlausu.



Námskeiðið byggir á Uppeldisbókinni sem Skrudda gefur út.

Vinsamlegast skráið þátttöku á deild barnsins ykkar á leikskólanum eða á Heilsugæslustöðinni í síma 432-2900 milli kl 11-12 virka daga .



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Sjálfstæðisfélags A-Skaft verður haldinn mánudaginn 17. maí klukkan 20:00 í húsi félagsins að Kirkjubraut 3.

Venjuleg aðalfundarstörf

Allir velkomnir.

Stjórnin

D



Brjóstaskimun
verður í þinni
heimabyggð
dagana
17.-19. Maí.

Samhæfingarstöð krabbameinsskimana
tekur á móti tímabókunum fyrir allt landið

Pantaðu tíma í síma 513-6700

Einnig er hægt að senda tölvupóst á
krabbameinsskimun@heilsugaeslan.is

Opið er fyrir bókanir alla virka daga kl. 08:30-12:00

Brjóstaskimun er mikilvæg og lækkar dánartíðni
brjóstakrabbameins til muna

Konur á aldrinum 40-69 ára fá boð um brjóstaskimun á 2 ára fresti
en konur á aldrinum 70-74 ára fá boð á 3 ára fresti

Frekari upplýsingar er að finna á vef heilsugæslunnar
www.heilsugaeslan.is - Krabbameinsskimanir

Við hvetjum allar konur til að taka þátt í skimun



Ertu fædd/ur árið 1943 ?



Við erum fædd í miðri síðari heimstýrjöldinni, og vorum fermð árið 1957. Upplifðum allar helstu stefnur og strauma t.d. í tækni framförum, tónlist, gerðumst t.d. hippar eða blómabörn og stunduðu sveitaböllin stíft. Héraðsskólarnir voru líka mjög vinsælir og margir komu þaðan hálftrúlofaðir, allavega stúffullir af menntun. Sum fóru á síld, söltuðu síld og giftust flest um tvítugt og börnin fæddust eitt af öðru. Okkur flestum þótti líka slátur, hangiket, saltkjöt og baunir, harðfiskur, hákarl, siginn fiskur og grásleppa frekar góð. Brauðsúpan sveik heldur ekki. Upplifðu er bjórinn var leyfður og þá skelltu menn sér á barinn og fengu sér einn til tvo öllara. Upplifðum tunglgöngu og lendingu traktors á Mars og síðast nú tekið þátt í heimsfaraldrinum skelfilega sem nefndur er Covid og höfum nú fengið tvær sprautur til varnar faraldrinum sem gefur okkur öllum von um betra líf. Allt framan að talið og margt fleira gerði okkur að sterkri kynslóð sem nú hefur lokið meiriháttar starfsnámi með lífsreynslu að vopni. Að þessu sögðu er mér mikill heiður að reyna að ná öllum þeim sem eru á Hornafirði og fædd 1943 saman í smá kaffisopa og hnallþóru yfir léttu spjalli.

Þeir sem vilja koma á þetta fermingarbarnamót endilega hafið samband við Hauk Helga Pétursson Þorvaldsson í gsm 897-8885 eða senda honum bréf, utanáskift Sandbakka 3 780 Höfn. Eða hitta kallinn út í Nettó eða á förnum vegi ! Höfum tíma fram á Uppstigningardag 13. maí 2021 að ná sambandi.

Bregðist skjótt við engu að tapa en allt að vinna. Rolling Stones eða Bítarnir ? Fórum í Atlavík ! „Manstu gamla daga mörg þá gerðist saga,“

Kveðja

Haukur Helgi fæddur í Vogamerkinu 1943

Mai - Júní 2021

GOLFkennsla

Höfn í Hornafirði



Dagskrá

1. tími - Grip, staða og sveifla
2. tími - Sveifla, járnahögg
3. tími - Upphafshögg
4. tími - Vipp
5. tími - Pútt

Verð fyrir námskeiðið er 28.000 kr

Halldór Birgisson leiðbeinandi mun vera með 5 tíma golfnámskeið fyrir byrjendur jafnt sem lengra komna núna í maí og júní. Kenndir eru einkatímar fyrir 1-2 saman í tíma, 5 x 45 mín.

Skráning á námskeiðið er hjá Halldóri í síma 896 9597 eða í Facebook einkaskilaboðum.



Frumherji
Bifreiðaskoðun á Höfn
17., 18. og 19. maí.

Tímapantanir í síma 570-9090
fyrir kl. 16:00 föstudaginn 14. maí.
Næsta skoðun 21., 22. og 23. júní

Frumherji

Þegar vel er skoðað

KJÚKLINGA BORGARI MÁLTÍÐ

Crispy chicken burger special

1.795 kr.



*0,5 lítri af gosi frá CCEP fylgir með

Tilboð gildir út maí 2021

N1 Höfn



Nestlé



Óskað er eftir forstöðumanni í félagsmiðstöðina Þrykkjuna frá ágúst 2021

Forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar Þrykkjunnar í 70% starf.

Ábyrgðar – og starfssvið:

- Skipuleggur starf félagsmiðstöðvarinnar Þrykkjunnar í samvinnu við Þrykkjuráð og tómsundafulltrúa.
- Starfar með börnum og unglimum í félagsmiðstöðinni.
- Hefur samskipti við skóla, foreldra og félagsamtök vegna starfsemi félagsmiðstöðvar.
- Vinnur að forvörnum á breiðum grunni
- Sækir ráðstefnur/fundi er snerta starfsemi félagsmiðstöðva/ungmennahúsa

Umsækjendur þurfa að búa yfir ákveðinni festu, hafa góða skipulags- og stjórnunarhæfileika, vera lípír í mannlegum samskiptum og hafa hreint sakavottorð. Menntun í uppeldis- eða tómsundafræðum eða sambærilegu námi er kostur.

Umsóknarfrestur er til 15. júní 2021

Skriflegar umsóknir ásamt ferilskrá, berist til Herdisar I. Waage, tómsundafulltrúa á netfangið; herdisiw@hornafjordur.is sem jafnframt veitir frekari upplýsingar, s: 470 8000.

Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is



Sveitarfélagið auglýsir eftir ungmennum í vinnuskólann í sumar

Ungmennir sem fædd eru 2004 - 2008 geta sótt um vinnu í vinnuskólanum. Boðið er upp á vinnu frá kl. 9-12 eða kl. 13-16. Það fer allt eftir fjölda umsókna hvort við getum boðið upp á vinnu allan daginn í sumar en það verður þá auglýst síðar í tölvupósti til foreldra. Eins og fyrr er vinnuskólinn í 8 vikur en hann hefst þann 7. júní og síðasti vinnudagur er 30. júlí.

Til að sækja um vinnu er best að fara inn á íbúagátt og sækja um vinnu en það þarf að muna eftir að skrá allar upplýsingar.

Jafnframt er hægt að senda tölvupóst á herdisiw@hornafjordur.is þar sem fram koma upplýsingar um nafn ungmennis, kennitala, heimilsfang, nafn foreldra, símanúmer, tölvupóstfang, bankaupplýsingar og hvenær ungmennið mun vilja vinna (tímabil) og þá einnig hvort unnið verður fh., eh., eða allan daginn.

Við hvetjum alla til að sækja um í vinnuskólanum einnig þau ungmenni sem eru eða verða 17 ára á árinu.

Umsóknarfrestur er til 9. maí n.k.

Ef óskað er eftir frekari upplýsingum þá vinsamlegast sendið tölvupóst á: herdisiw@hornafjordur.is eða hringið í síma 4708028

Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is



Stuðningsfulltrúastarf, staða ritara með húsvörslu og kennsla í heimilisfræði við Grunnskóla Hornafjarðar

Auglýst er eftir umsóknum í nokkur störf við Grunnskóla Hornafjarðar og verða umsækjendur að geta hafið störf um miðjan ágúst 2021. Umsækjendur verða að hafa góð tök á íslensku.

Tvær stöður stuðningsfulltrúa. Annað starfið er 81 % starf tímabundið fram að áramótum. Hitt er 100 % starf til frambúðar. Umsækjendur verða að eiga auðvelt með samskipti við börn, unglinga og fullorðið fólk, vera lausnamiðaðir og jákvæðir. Starfið felst ýmist í einstaklingsaðstoð, aðstoð við nemendur í tímum og aðstoð í frímínútum. Auk þess sinnir stuðningsfulltrúi í 100 % starfi gæslu í Kátakoti. Vinnutími er að jafnaði frá 8:00-16:00.

Staða ritara með húsvörslu í Hafnarskóla 100% starf. Starf ritara með húsvörslu felst m.a. í því að svara í símann, afgreiða nemendur og sinna algengustu ritarastörfum og hafa yfirumsjón með húsnæði og tækjum grunnskólans. Sjá um minni háttar viðhald og lagfæringar á húsnæði og tækjum eða það sem til fellur hverju sinni. Vinnutími er að jafnaði frá 8:00-16:00. Umsækjendur verða að hafa góða tölvukunnáttu, vera tilbúnir til að setja sig inn í allskonar mál, eiga auðvelt með samskipti við börn, unglinga og fullorðið fólk, vera lausnamiðaðir og jákvæðir.

Staða heimilisfræðikennara í 100% starf. Umsækjendur skulu hafa tilskylda menntun og reynslu til starfsins. Auk þekkingar á heimilifræðikennslu er lögð áhersla er á að umsækjendur sýni hæfni í samskiptum, frumkvæði, séu lausnamiðaðir jákvæðir og hafi skipulagshæfileika.

Umsóknarfrestur er til 20. maí.

Umsóknum skal skilað skriflega til skólastjóra á þar til gerðu umsóknareyðublaði sem er á heimasíðu skólans. <http://gs.hornafjordur.is/skolinn/starfsmenn/laus-storf/>

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskrar sveitarfélaga við AFL Starfsgreinafélag, FOSS eða KÍ.

Frekari upplýsingar gefur skólastjóri í síma 899-5609 og á netfanginu thorgunnur@hornafjordur.is



velliðan fyrir alla



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is



Skoðaðu
fleiri tilboð
í vefverslun
okkar

Tilboð í maí



20%
afsláttur

Dimex Smíðavesti

Dimex Smíðavesti EN ISO 20471. Hægt að víkka með aukafliða til að nota yfir úlpu. Hægt að nota með fallbúnaði.



20%
afsláttur

Dimex mittisbuxur

Dimex mittisbuxur. Teygjanlegt efni, teygist á 4 vegu. Sýnileikavottaðar. EN ISO 20471 CL1.



20%
afsláttur

Dunlop stígvél

Dunlop Purofort professional stígvél eru hentug við margskonar aðstæður. Þau eru létt og með höggdeyfi í sóla. Endast vel og gott að þrifa þau.



20%
afsláttur

Tork Salubrin handsóttthreinsir

Gel til handsóttthreinsunar. Flaskan gefur um 250 skammta. Inniheldur 70% alkohól.



25%
afsláttur

Mobil Delvac MX ESP 15W-40 20L

Minerölsk olía fyrir vélar í flutningabílum og vinnuvélum með sótkornasíu (DPF) og hreinsunarbúnað í útblásturskerfi.



25%
afsláttur

Tork Prem WC pappír

Extra mjúkur WC pappír þrefaldur fyrir veggskammtara.

Verslun N1
Vesturbraut 1, Höfn í Hornafirði, 440-1462

N1 ALLA LEIÐ